

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið
Hinrik Greipsson
Skúlagötu 4
150 Reykjavík

Súðavík, 11. mars. 2019

Efni: Sérreglur vegna úthlutunar byggðakvóta fiskveiðiárið 2018-2019

Visað er í bréf dagsett. 23. nóvember 2018 þar sem tilkynnt er að Súðavíkurhreppur hafi fengið útlutað 135 þorskéildistonnunum af byggðakvóta.

Á 11. fundi sveitarstjórnar Súðavíkurhrepps 2018 - 2022 sem haldinn var þann 8. mars 2019 var eftirfarandi tillaga að sérreglum samþykkt:

Eftirfarandi er tillaga sveitarstjórnar að sérreglum vegna úthlutunar byggðakvóta 2018 - 2019:

- a) A-liður 1. gr breytist þannig: Hafa leyfi til veiða í atvinnuskyni sbr 4. gr laga nr 116/2006 um stjórn fiskveiða eða frístundafiskveiðileyfi skv 2. tl 4. mgr 6. gr sömu laga við lok umsóknarrests.
- b) Ákvæði 1. másl. 1. mgr. 4. gr. breytist og verður: Skipitung þess aflamarks, sem nú kemur í hlut byggðarlags, auk þess aflamarks byg. góðarlagsins sem kann að vera eftir af úthlutun fyrra fiskveiðiaárs, skal að öðru leyfi fara fram til einstakra fiskiskipa sem uppfylla skilyrði 1. gr., sbr. og reglur um sérstök skilyrði fyrir úthlutun byggðakvóta í einstökum sveitarfélögum sem ráðuneytið staðfestir samkvæmt 2.-3. gr., eftir því sem við á. á þann veg að 20% byggðakvóta Súðavíkur skal skipt jafnt milli þeirra fiskiskipa sem uppfylla skilyrði 1. gr. reglugerðarinnar og eru með frístundafiskveiðileyfi. 20% byggðakvóta Súðavíkur skal skipt jafnt milli þeirra fiskiskipa sem hafa aflamarksfiskveiðileyfi og uppfylla skilyrði 1. gr. reglugerðarinnar. 60% byggðakvóta Súðavíkur skal skipt jafnt milli annarra fiskiskipa sem landað hafa 50% eða meira af sínum afla, fiskveiðiaárið 2017/2018 í Súðavík og uppfylla skilyrði 1. gr. reglugerðarinnar.
- c) Ákvæði 1. másl. 1. mgr. 6. gr. breytist og verður: Fiskiskipum er skylt að landa þeim afla í Súðavík sem telja á til byggðakvóta, og einnig úthlutuðum byggðakvóta, til vinnslu í Súðavík á tímabilinu frá 1. september 2018 til 31. ágúst 2019.

Óskað er eftir staðfestingu ráðuneytisins á fyrrnefnd atriði.

Virðingarfyllt,
f.h. Súðavíkurhrepps
Pétur G. Markan
sveitarstjóri